



Frístundamiðstöðin Miðberg Starfsáætlun 2020-2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Miðbergs	5
Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs.....	6
Hlutverk Miðbergs	6
Gildi Miðbergs	6
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	7
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	9
Áskoranir, markmið og aðgerðir	10
<i>Frístundamiðstöðin Miðberg</i>	10
<i>Frístundastarfið/ Barnastarf</i>	11
<i>Frístundastarfið/ Unglingastarf</i>	13
<i>Betri borg fyrir börn</i>	14
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	15
Samstarf	15
Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs	16
Framkvæmdaáætlun veturinn: 2019-2020	16

Inngangur

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs 2020-2021 er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025 og samþykkt borgarstjórnar um þróunarverkefnið Betri borg fyrir börn. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu. Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglunga í Reykjavík.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verður að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Þann 16. september var samþykkt tilraunaverkefni í Breiðholti undir heitinu Betri borg fyrir börn. Tilraunaverkefnið hófst 1. janúar 2020 og stendur til tveggja ára. Tilraunaverkefnið inniheldur fjórar megin tillögur:

- Stofnuð var skóla- og frístundadeild í Breiðholti.
- Nýtt mannauðs- og rekstrarteymi er hluti af skóla- og frístundadeildinni.
- Eitt helsta markmið verkefnisins er að leggja áherslu á markvissa teymisvinnu innan skóla- og frístundadeildar og þjónustumiðstöðvar Breiðholts.
- Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs er flutt inn á skóla- og frístundadeild Breiðholts og er frístundamiðstöðin Miðberg hluti af þeirri deild í dag.

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins á öllum aldri. Hjá Miðbergi starfa um 150 starfsmenn og af þeim eru 35 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sjö frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, reynslu og ólíkan bakgrunn. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg verkefnanna kalla á sérhæfingu og sérþekkingu.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Miðberg styður við menningu og listsköpun barna og unglunga með smíðjum og viðburðum þar sem unnið er með leiklist, tónlist, hönnun og kvikmyndagerð. Miðberg er virkt í ýmsum




samstarfsverkefnum í Breiðholti með áherslu á að styrkja félagsauðinn í hverfinu. Helstu samstarfsaðilarnir eru Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, leikskólar og íþrótt- og félagasamtök í hverfinu. Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2020-2021 er að auka framboð af hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður aukið áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hins vegar með þátttöku í verkefninu heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum.

Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2020 og gildir til 31. ágúst 2021. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.



Skipurit Miðbergs



Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hlutverk Miðbergs

- Að stuðla að fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi meðal barna og unglunga í hverfinu.
- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

1. Góður starfsandi. Gleði, væntumþykja og jákvæðni.
2. Virðing. Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum.
3. Samvinna. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.
4. Mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði.
5. Faglegt starf. Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
6. Öryggi. Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga.
7. Frumkvæði. Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi.

Megináherslur menntastefnu: ✓Félagsfærni ✓Sjálfspekking ✓Læsi ✓Sköpun ✓Heilbrigði

Megináherslur frístundastefnu: ✓Fjölbreytt og skemmtilegt ✓Virk þátttaka ✓Jöfnuður ✓Forvarnir og lýðheilsa ✓Fagmennska

Megináherslur starfsskrár frístundamiðstöðva: ✓Sjálfmynd ✓Umhyggja ✓Félagsfærni ✓Virkni og þátttaka

Megináherslur verkefnisins Betri borg fyrir börn: ✓Bæta þjónusta ✓Þéttara samstarf ✓Þjónustuna nær skólaumhverfi ✓Snemmtæk íhlutun ✓Styðja betur við starfsfólk ✓stjórnun stofnana nær vettvangi og ✓Nýting fjármagns



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Starfsárið 2019-2020 hefur verið ár breytinga og krefjandi verkefna. Verkefnið betri borg fyrir börn var samþykkt á skóla- og frístundasviði 16. september 2019. Verkefnið hófst síðan formlega 1. janúar 2020. Strax í september hófst undirbúningur fyrir verkefnið. Fjórar megingráðir voru í verkefninu. Að stofna nýja skóla- og frístundadeild í Breiðholti. Stofna nýtt mannauðs og rekstrarteymi í Breiðholti. Setja á markvissa teymisvinnu fyrir deildir nýrrar skóla- og frístundadeilda og þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Tilfærsla skrifstofu Miðbergs inn á nýja skóla- og frístundadeild og tilfærsla annara starfsmanna skrifstofu Miðbergs inn í skóla hverfisins.

Í miðjum mars 2020 fóru áhrif af Covid 19 að birtast í starfi Miðbergs. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar þurftu að endurskipuleggja alla sína starfsemi með tilliti til sóttvarna. Í frístundaheimilum þurfti að skipta börnum og starfsmönnum í sóttvarnarhólf, takmarka starfsemi og skipuleggja starf fyrir forgangsbörn. Í félagsmiðstöðvum var lokað fyrir hefðbundið félagsmiðstöðvarstarf og byrjað með rafrænar félagsmiðstöðvar. Það er því óhætt að seiga að ýmislegt hafi gengið á í starfsemi Miðbergs á síðasta starfsári.

Frístundamiðstöðin Miðberg ber ábyrgð á öllum rekstri frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Breiðholti.

Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfinu hefur verið mjög góð. Dagskrá félagsmiðstöðvanna var alfarið í höndum unglinganna en opnir stórfundir eru haldnir reglulega þar sem öllum gefst kostur á að koma með hugmyndir að dagskrá og taka að sér hlutverk innan félagsmiðstöðvarinnar. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar sitja svo fundi nemendaráðanna í skólunum.

Allar félagsmiðstöðvarnar tóku þátt í öllum viðburðum á vegum Samfés og stóð okkar fólk sig með mikilli þrýði, en því miður féllu margir viðburðir niður vegna covid 19. Í ár höfum við verið með opið á fimmtudögum fyrir 10. bekk og eldri í Hólmaseli og Hundrad&ellefu. Þetta hefur verið ósk frá ungmennum í Breiðholti í langan tíma og mikil ánægja að þetta sé orðið að veruleika.

Við vorum með fjóra sumarhópa í samvinnu við Vinnuskólann og gekk það mjög vel. Um miðjan júlí var farið í útilegu með um 110 unglinga sem mikil ánægja var með. Mikil aukning var í skráningum hjá okkur í starfi fyrir 10 – 12 ára í sumar og vorum við með starf út júlí og fullbókað var flesta daga.

Forstöðu- og aðstoðarforstöðumenn sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfsefningu í 8. og 9. bekk í öllum grunnskólum í Breiðholti, þá komu þeir inn með kynfræðslu fyrir 8. og 9. bekk í Seljaskóla og kvikmyndakennslu í 9. og 10. bekk í Selja- og Ölduselsskóla en ekki náðist að fara inn í alla bekk í öllum grunnskólum vegna covid19.



Hópastarfið hjá okkur gekk vel, sérstaklega þegar það var í formi kennslu á skólatíma en einnig voru við með fleiri skammtímahópa eftir að skóladegi lauk. Dungeon and dragons en enn mjög vinsæll hjá okkur og nú erum við að byggja okkur upp flottu Rafíþróttaveri sem mikil áhugi er á.

Mjög góð samvinna hefur verið við alla skólastjórnendur, félagsstarfskennara og námsráðgjafa í Breiðholti.

Ungmennaráðið samanstendur af 12 unglingum. Auk reglulegra funda og starfsdaga þá fór hópurinn á ráðstefnuna Ráðabrug í Ráðhúsinu sem var góð byrjun á starfinu og kveikti áhuga þeirra. Við eigum einn fulltrúa í Reykjavíkurráðinu og okkar tillaga til borgarstjórnar var að fá samþykki fyrir að tryggja fjármagn til skóla- og frístundasviðs fyrir að allar frístundamiðstöðvar í Reykjavík geti haft að lágmarki eitt ungmennahús í hverju hverfi fyrir ungmenntu á aldrinum 16-20 ára. Því miður var tillagan felld en tillagan frá því í fyrra var samþykkt um táknmálakennslu sem valfag í unglingadeild.

Í Hellinum, sértækri félagsmiðstöð, var mikil fjölgun barna milli ára en vel hefur gengið að manna starfseminu þannig hægt var að taka alla inn sem óskuðu eftir. Áfram erum við með aldurskipta starfsemi. Þátttaka Hellisins í opnu starfi félagsmiðstöðva gekk mjög vel en markviss þátttaka þeirra frá 10 ára aldri í opnu félagsmiðstöðvarstarfi er sannarlega að skila sér. Við erum í góðu samstarfi við ÍR og fengum við afnot af íþróttahúsi þeirra sem vakti mikla ánægju hjá öllum, þá var einnig aukning á mætingu í sumarstarfinu, þá fengum við styrk til að vera með ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva og var mikill áhugi hjá krökkunum en covid 19 hefur aðeins komið í veg fyrir að hægt væri að vinna þetta eins og stóð til.

Frístundaheimili Miðbergs buðu upp á margvíslegt og skemmtilegt starf árið 2019-2020 en veturinn markaðist þó mikið af ástandinu og hólfaskiptingum á vorönn og því mörg verkefni sem ekki var hægt að klára að fullnustu. Vorönnin markaðist að miklu ef ekki öllu leiti af þessu þar sem allir viðburðir duttu niður. Eins og áður þá voru helstu áherslur vetrarins voru í formi smíðja, klúbba og viðburða sem styðja við áherslur menntastefnunnar. Veturinn fór af stað með ýmsum hefðbundnum verkefnum eins og íþróttaviku, vinaviku og leiklistahátíð 3. og 4. bekkjar var á sínum stað á haustönn ásamt ýmsum foreldratengdum viðburðum. Við vorum með ný og áhugaverð verkefni eins og samflot barna og ritsmíðir sem og tómstundaklúbb sem fyrir börn sem ekki eru virk í frítímanum. Þurftum við því miður að fella niður verkefni eins og kvikmyndahátíð, leiklist 1. og 2. bekkjar og ýmislegt fleira sem var á dagskrá. Starfsfólk og börn stóðu sig vel á skrítnum og erfiðum tímum og var mikil gleði þegar allir gátu sameinast í maí og einkenndist starfið þá af frjálsum leik og útiveru.



Sumarstarfið gekk vel og var margt skemmtilegt upplifað og brallað og bæði börn og starfsfólk glöð yfir að eiga „venjulegt“ sumar. Skráningar voru almennt góðar og mörg námskeið full.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun Viðhorf foreldra unglunga til Fálagsmiðstöðva	Netkönnun	Foreldrar unglunga í 8. - 10. bekk	Bæta aðstöðuna og betra upplýsingaflæði, ánægja með starfsfólk, ánægja með dagskrá
Ungt fólk 2020	Rannsókn og greining Spurningarlisti til unglunga í 8-10 bekk.	Unglingar 8-10 bekkur	Áskoranir: Líðan, svefn og félagsleg einangrun unglunga. Styrkleikar: Ánægja með mætingu, lítið um rafrettunotkun
Foreldrakönnun	Netkönnun	Foreldrakönnun 5. - 7. bekk	Betra upplýsingaflæði, betri dagskrá, jákvæð félagsleg áhrif frá fyrri könnun
Ytra mat á frístundaheimilinu Vinaseli	Matsaðilar frístundasviðs	Starfsfólk, börn og foreldrar	Þrír flokkar til fyrirmyndar, mikil starfsánægja og stjórnun til fyrirmyndar., 10 mjög góðir þættir og einn þar sem þarf að bæta en vinna þarf að því að bæta barnalýðræði.
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Netkönnun 2020	Starfsmenn Miðbergs	Meðaltal allra þátta Fimm jákvæðir þættir og þrír neikvæðir



Áskoranir, markmið og aðgerðir

Frístundamiðstöðin Miðberg							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Fagmennska	Menntastefna, frístundastefna og betri borg fyrir börn	Markviss innleiðing á Verkefnum	Stjórnendur	Ágúst	Júli	Framkvæm dastjóri heldur utan um yfirlit yfir þróunarver kefni á vegum Miðbergs	Fjöldi verkefna
Samstarf	Betri borg fyrir börn	Vinna starfsáætlun fyrir verkefnið	Framkvæmdastjóri	Ágúst	jan	Áætlun lokið í Janúar	Tilbúin áætlun
Forysta	Hæfir og ánægðir starfsmenn	Stytting vinnuvikunnar	Stjórnendur	Allt árið	Allt árið	Skoða niðurstöðu styttingar og niðurstöður starfsmann akönnunar hvað varðar starfsánægju.	Allir í 4 tíma styttingu Aukin starfsán ægja
Fjármál	Árangursrík fjármál	Uppgjör 1xmán	Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri	jan	jan	Yfirferð ábyrgðaraðila	Lokið 15 hvers mánaðar
	Árangursrík fjármál	Rammi og úthlutun séu tilbúin á réttum tíma	Fjármálastjóri	jan	feb	Yfirferð ábyrgðaraðila	Allir starfstaðir með ramma í febrúar
Aðbúnaður	Aðstaða og búnaður við hæfi	Húsnæðisútt ekt. Viðhaldsáætlun	Stjórnendur Verkefnastjóri húsnæðis	Ágúst	Feb	Úttektir heilbrigðis og	Í lagi



						vinnueftirlit s	
Mat á Starfsemi	Meta innra starf	Taka upp nýtt innra mat	Framkvæmdastjóri	Haust 2020	Lýkur ekki	Yfirferð ábyrgðaraðila	Allir starfstaðir hafi tekið upp innra mat haustið 2021
	Meta upplifun foreldra á starfseminni	Könnun á netinu	deildarstjóri/forstöðumenn	okt	nóv	Skoða þátttöku foreldra í könnuninni	50% þátttaka

Frístundastarfið/ Barnastarf							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Fjölbreytt og skemmtilegt	Rafræn þátttaka á tímum Covid	Upptaka á leikþáttum og söng. Sýningar fyrir foreldra	Deildarstjóri og forstöðumenn	Nóv		Sýning á upptökum úr starfi Hversu margir horfa	Áhorf og ánægja
Sköpun	Tónlistarverkefni	Unnið lag með tónlistarkonu og sett á disk	Deildarstjóri og forstöðumenn	Janúar	Maí	Skoða hvort lagið sé tilbúið á disk	Diskur til allra þátttakenda
	Sögugerð	Útbúa podcast	Deildarstjóri og frístundafræðingar	Janúar	Maí	Ábyrgðaraðilar skoða hvort Podcast sé tilbúið í maí	Podcast aðgengilegt
Virk þátttaka	Áhrif á þátttöku frístundarstarfi	Frístundakönnun meðal barna	Deildarstjóri	Nóv	Maí	Skoða niðurstöður könnunar	90% barna séu ánægð
Félagsfærni	Vináttufærni	Frístundafræðingar vinni með börnum í skóla og frístund	Deildarstjóri og forstöðumenn	ágúst	Maí	Umbótasamtal	Allir tilheyri vinahóp



	Frístundafræðingar	Ráða fræðinga á alla starfsstaði	Deildarstjóri	Jan		Skoða ráðningar	Frístundafræðingar starfandi við öll frístundaheimili Miðbergs á vorönn
	Samstarf við skóla	Vinaliðar	Frístundafræðingar og skóli	Sept	Maí	Að verkefnið sé virkt	Þátttaka
Jöfnuður	Kynningarefni	Kynningarbæklingur fyrir börn á leið í 1. og 3. bekk Öll börn fá sendan bækling á þeirra nafni	Deildarstjóri	Ágúst	Ágúst	Rýnihópur barna haustið 2021	Aukin vitund þegar börn byrja
Sjálfsfelling	Barnasáttmálinn	Verkefni	Deildarstjóri og forstöðumenn	Okt	Maí	Þekking á eigin sjálfi og réttindum	Þátttaka
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Samstarf við skóla	Þátttakendur í eineltisteymi	Deildarstjóri og forstöðumenn	Sept.		Virkni og samstarf	Úrlausn
	Virk hreyfing	Göngur með virkri hlustun	Deildarstjóri og forstöðumenn	Des	Maí	Virkni og áhugi	Þátttaka
	Tenging við umhverfið	Gróðursetning og umhyggja	Deildarstjóri og forstöðumenn	Okt	Ágúst	Virkni og þátttaka	Uppskeyra
Frístundalæsi	Verkefni með Barnasáttmálinn	Tilfinninga- og réttindalæsi	Forstöðumenn	Okt	Maí	Tilbúið verkefni	Þátttaka



Frístundastarfið/ Unglingastarf							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Fjölbreytt og skemmtilegt	Rafræn þátttaka á tímum covid	Rafræn félagsmiðstöð	Deildarstjóri/forstöðumenn	mars	ágúst	Fjöldi þátttakenda	50% unglunga taki þátt.
Sköpun	Skapandi leikir í tölvuformi	DD klúbbur	Forstöðumenn/100% starfsfólk	ágúst	ágúst	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi klúbba
Virk þátttaka	Áhrif á þátttöku frístundastarfi	Frístundakönnun meðal barna og unglunga	Deildarstjóri	Nóv	Maí	Fjöldi þátttakenda	Niðurstöður
	Virkja þátttöku barna og unglunga af erlendum uppruna	Kortlagning, Samstarf við skóla og Þjónustumiðstöð	Deildarstjóri/forstöðumenn	sept	ágúst	Fjöldi þátttakenda	Mæting
Félagsfærni	Virkja félagslega einangraða	Hlutverkaspil DOD klúbburinn Hópastarf	Deildarstjóri Forstöðumenn	Ágúst	Ágúst	Fjöldi þátttakenda	Sjálfsmat félagslega staða
	Virkja félagslega einangraða	Tölvuleikjaklúbbur	Deildarstjóri Forstöðumenn	Ágúst	Ágúst	Fjöldi þátttakenda.	Sjálfsmat félagslega staða
Jöfnuður	félagsmiðstöð án aðgreiningar	Klúbbastarf Stuðningur	Deildarstjóri Forstöðumenn	Ágúst	Ágúst	Fjöldi þátttakenda.	Sjálfsmat félagslega staða
Sjálfsþing	Ken	Kennsla á skólatíma	Deildarstjóri/100% starfsmenn	ágúst	ágúst	Huglægt mat	
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Líðan	Dagskrá	Deildarstjóri/forstöðumenn	ágúst	ágúst	Niðurstöður	
Frístunda-læsi	Auka félagslegt læsi	Gegnum hópastarf og dagskrá	Deildarstjóri/forstöðumenn	Ágúst	Ágúst	Kannanir	



Betri borg fyrir börn							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Bætt þjónusta	Heilstæð nálgun á Barnið	Samráð og samstarf við skóla og Álfabakka	Stjórnendur	Ágúst	Lýkur ekki		Verkferla r tilbúnir
	Fræðsla og kynningar fyrir foreldra	Upplýsinga og forvarnarfundir	Stjórnendur	Ágúst	Júní		Fjöldi þátttaka da
	Auka samstarf við stoðeild mannauðs, húsnæðis og fjármála	Reglulegir fastir fundir	Stjórnendur	Allt árið		Ábyrgðarað ilar skoða	Verferlar tilbúnir
Þéttara samstarf	Auka samstarf við skóla	Þátttaka viðeigandi aðila á fundum	Stjórnendur	Allt árið		Ábyrgðarað ilar skoða	Verkferla r tilbúnir
	Auka samstarf við Álfabakka	Þátttaka viðeigandi aðila á fundum	Stjórnendur	Allt árið		Ábyrgðarað ilar skoða	Verkferla r tilbúnir
Þjónustan nær skólaumhverf i	Aðgengi að forstöðumönn um í skólum	Skrifstofuaðstaða forstöðumanna verði tilbúin í öllum skólum	Stjórnendur	Allt árið		Lokið	
Snemmtæk íhlutun	Starf ráðgjafa- þroskaþjálfara	Samstarf þroskaþjálfara við viðeigandi aðila	Ráðgjafaþroska- þjálfari				
Styðja betur við starfsfólk							
Stjórnun stofnana nær vettvangi	Skrifstofur forstöðumanna a í skólum	Flytja	Deildarstjórar				
Nýting fjármagns	Sækja markvisst um styrki	Sækja um styrki og samstarf innanlands og erlendis	Stjórnendur	Allt árið			



Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Frístundamiðstöðin Miðberg hefur hlotið fjölda styrkja úr þróunar- og nýsköpunarsjóði Menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir veturinn 2020 -2021. Styrkirnir skiptast í A- hluta verkefni Miðbergs og B- hluta samstarfsverkefni.

Í A-hluta er frístundamiðstöðin Miðberg með sex verkefni, þrjú í barnastarfi og þrjú í unglingastarfi. Í B- hluta er Miðberg þátttakandi í tveimur verkefnum

Félagsmiðstöðvar Miðbergs eru með styrk fyrir því að halda áfram að þróa hlutverkaspilaklúbb, koma á fót tölvuveri og útivist.

A-hluta verkefni frístundaheimila eru:

- Réttindatröll, unnið með Barnasáttmálann
- Allt er vænt sem vel er grænt þar sem unnið er með ræktun á mat- og kryddjurtum
- Hlustun og hreyfing. Virka hreyfing á meðan hlustað er á sögur.

Í B- hluta er Miðberg samstarfsaðili í tveimur verkefnum.

- Það þarf heilt þorp. Verkefnið er samstarf um félagsfærni og sjálfsefningu og samvinna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Bakkahverfinu í Breiðholti.
- Betra Breiðholt fyrir unglinga. Verkefnið er svar við ákalli stofnana í hverfinu um málefni unglinga í vanda

Samstarf

Skóla- og frístundaráð og velferðarráð hafa samþykkt að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, Betri borg fyrir börn. Verkefninu er ætlað að stuðla að markvissara samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.



Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar. Forstöðumenn á starfstöðunum bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt. Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun veturinn: 2019-2020

LAUNAJAFNRÉTTI

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hátt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Öllum starfsmönnum standi til boða að fá þá yfirvinnu sem í boði er.	Framkvæmdastjóri	Allt árið Gerð skal úttekt á haustin og vorin.

AUGLÝSINGAR, RÁÐNINGAR OG ENDURMENNTUN

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða og jöfn kynjahlutföll skulu höfð til hliðsjónar við ráðningar eftir því sem framast er unnt. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Bæði kynin skulu hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða	Tryggja þarf við ráðningar að jöfn kynjahlutföll starfsmanna séu höfð til hliðsjónar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Alltaf við ráðningar
Allir starfsmenn sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþróun og endurmenntun.	Allir starfsmenn hafi sömu möguleika til starfsþróunar og endurmenntunar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Við gerð símenntunar áætlunar, við fastráðningar og tímabundnar ráðningar.

JAFNVÆGI MILLI VINNU OG EINKALÍFS

Miðberg leggur áherslu á samræmi vinnu og einkalífs. Miðberg leggur áherslu á að veita starfsmönnum sveigjanleika í starfi þegar því verður við komið. Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér fæðingarorlof og gert kleift að sinna veikum börnum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að Miðberg veiti starfsfólki sveigjanleika til þess að sinna einka- og fjölskyldu lífi samhliða starfi.	Starfsmenn geti unnið sveigjanlega vinnutíma þegar því er við komið.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar.	Allt árið
Að foreldrar af báðum kynjum taki fæðingarorlof og sinni börnum í veikindum.	Starfsfólki kynnt réttindi sín og hvatt til þess að nýta þau.	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Allt árið



EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI

Einelti og kynferðisleg áreitni er hegðun sem ekki er liðinn Miðbergi. Þjónustupegar og starfsfólk eiga að tilkynna um slíka hegðun og tafarlaust skal gripið til aðgerða ef tilkynningar berast.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að þjónustupegar og starfsfólk verði fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfsfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir einelti og kynferðislegri áreitni í starfi Miðbergs og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

ÞJÓNUSTUHLUTVERK

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Miðbergs óháð kyni. Allt starfsfólk Miðbergs ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi kynjanna að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði jafnt til beggja kynja.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla um jafnréttismál verði inn í fræðsluáætlun Miðbergs.	Framkvæmdstjóri og deildarstjórar	Haut
Nemendur/ þjónustupegar fá fræðslu um jafnréttismál	Starfstaðir bjóði upp á fræðslu um jafnréttismál. Starfsmenn taki umræðu um jafnréttismál með börnum og unglingum.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Haut/Allt árið
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsmenn gefa börnum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur og áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Að viðfangsefni höfði jafnt til beggja kynja	Greining á innihaldi og markmiði opin starfs og klúbbstarfs með það	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Hautin



	fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á annað kynið.		
Að mæður og feður taki jafnan þátt í starfinu. Starfsfólk útiloki ekki annað foreldri á grundvelli kyns	Foreldrum barna í starfi er velkomið að taka þátt í starfi barna sinna, óháð kyni. Rafrænar upplýsingar eru sendar á báða foreldra.	Forstöðumenn	Allt árið.

